

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Byggðarhorns í Sveitarfélaginu Árborg.

Á fundi bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar 12. nóvember 2014 var samþykkt tillaga að breytingu deiliskipulags Byggðarhorns í Sveitarfélaginu Árborg.

Um er að ræða breytingu sem felur í sér að á lóð nr. 38 sem er 7,9 ha að stærð er heimiluð blönduð athafna-, verslunar- og þjónustustarfsemi, s.s. þjónusta við bifreiðar og landbúnaðarvélar, þar með talin svokölluð bílapartasala. Breytingin er í samræmi við breytt aðalskipulag búgarða-byggðarinnar í Byggðarhorni. Einnig eru byggingarreitir á lóðum í búgarðabyggðinni stækkaðir þannig að lóðarhafar fái aukið svigrúm til staðsetningar mannvirkja innan lóða.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Selfossi, 27. apríl 2015.

Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 12. maí 2015